

Sjötugsafmæli.

Frú Anna, ekkja Péturs Péturs-sonar bæjargjaldkera, sem sjötug varð 6. þ. m., hefir kennt á piano hér í bænum í nálægt því 60 ár; var hún ekki komin af barnsaldri, þegar hún fór fyrst að segja til, létta undir með fósturmóður sinni, frú Ástríði Melsted, sem um tíma kendi þessa list. Anna er komin af þremur sonum þórarins á Grund, (f. 1719) og Sigríðar Stefánsdóttur, systur Ólafs stiptamtmanns. Hafa margir afkomendur þeirra hjóna, verið mjög gefnir fyrir söng, en sumir framúrskarandi söngmenn. Má telja vafalaust, að Anna hefir haft bæði elju og gáfur til að geta sér orðstír fyrir pianoleik, hefði hún gengið listabrautina. En þó að þess væri auðvitað ekki kostur, hefir frú Anna orðið til þess að koma mjög mörgum í kynni við eitt hið skemtilegasta og mannúðlegasta af hljóðfærum. Skifta nemendur hennar hundruðum, eigi allfáum, að öllum samtöldum mun víst óhætt að segja, þó að ekki sé nákvæmlega kunnugt um tölu á þeim. Áhrif hennar á íslenska söngmentun hafa því eigi verið lítil, og holl hafa þau verið, því að hún hefir haft á háu stigi þá kennaradygd, sem þolinmæði

heittir, og víst frábæra tilfinning fyrir réttu hljóðfalli.

Meðal þeirra sem numið hafa hjá Önnu, eru hinir efnilegu tónlistarmenn, þeir Guðmundssynir, Eggert og Þórarinn, og af komum sem lært hafa lengi hjá henni, og leika á piano svo list er í, má nefna dóttur hennar, barónessu Ástu v. Jaden, frú Ástu Einarsson, og síðast en ekki síst, frú Leopoldinu Eiríkss.

Á sjötugsafmæli frú Önnu héldu kunningjar og nemendur henni veislu í virðingarskyni, og símkveðjur bárust henni úr ýmsum stöðum. Blíður hún Vísi flytja öllum bestu þakkir sínar fyrir þess velvildarmerki.

H. P.